

GJALD

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar, sem staðfest var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 11. mars 1983, skal vera kr. 2 200,00 fyrir árið 1985. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1984.

2. gr.

Ofangreind ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 29. janúar 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

SAMÞYKKT

**um breyting á samþykkt nr. 337/1983, um hundahald í Keflavík,
Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysu-
strandahreppi og Hafnahreppi.**

1. gr.

Við staflíð b. í 2. gr. 1. málsg. bætist: og er þá um að ræða leyfis-, hreinsunar- og tryggingagjald, en heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sér um að tryggja alla skráða hunda á svæðinu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi.

2. gr.

Við niðurlag staflíðar b. í 2. gr. bætist: Hverjum hundaeiganda, öðrum en ábúendum á lögbýlum með fjárhunda, er leyfilegt að eiga að hámarki tvo hunda samtímis.

3. gr.

Staflíður C. í 2. gr. um tryggingar hunda falli niður og breytast staflíðir í samræmi við það.

4. gr.

Ofangreind samþykkt Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Grindavíkurkaupstaðar, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandahrepps og Hafnahrepps, staðfestast hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. janúar 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.